

# Fuglalíf við Stóra-Eyjavatn og nágrenni 2014

*Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða*  
Áfangaskýrsla

Böðvar Þórisson

Desember 2014  
NV nr. 24-14

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>Aðferðir .....</b>	<b>3</b>
<b>RANNSÓKNARSVÆÐI.....</b>	<b>3</b>
<b>Niðurstöður.....</b>	<b>3</b>
<b>VATNAFUGLAR.....</b>	<b>3</b>
<b>MÓFUGLATALNINGAR.....</b>	<b>4</b>
<b>Umræður.....</b>	<b>5</b>
<b>Þakki.....</b>	<b>5</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>5</b>
<b>Viðauki I. Stærðir og hnit vatna sem voru skoðuð .....</b>	<b>7</b>
<b>Viðauki II. Kort.....</b>	<b>8</b>
<b>Viðauki III. Myndir af vötnum.....</b>	<b>9</b>

## Inngangur

Orkubú Vestfjarða (OV) óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða (Nave) að kanna fuglalíf við Stóra-Eyjavatn og nágrenni, en OV hefur áform um að veita vatni úr Stóra-Eyjavatni yfir vatnasvið Mjólkárviðkjunnar. Ef af þessu verður þá verður vatninu veitt með pípu frá Stóra-Eyjavatni að Hólmavatni og var því fuglalíf einnig kannað á þeirri leið.

Engar rannsóknir á fuglalífi eru til á þessu svæði. Nokkrar stopular athuganir fuglaá hugamanna hafa verið gerðar í nágrenni Stóra-Eyjavatns. Nave hefur síðan skráð fugla á Dynjandiá, á kafla þar sem áin breiðir úr sér fyrir ofan brú á Vestfjarðavegi nr. 60. Þessar athuganir eru nokkrum sinnum yfir sumarið þegar starfsmenn Nave eiga leið um svæðið. Athuganirnar hafa staðið í nokkur ár. Einnig hafa verið gerðar athuganir á fuglum fyrir neðan fossinn Dynjanda (Böðvar Þórisson 2010).

## Aðferðir

### Rannsóknarsvæði

Athugunarsvæðið nær frá Vestfjarðavegi 60 við brúna yfir Dynjandiá í vestri, Stóra-Eyjavatn í austri, Tangavatn í norðri og Þverárvötn í suðri. Mörg vötn/tjarnir á svæðinu hafa ekki nöfn eða höfundir ekki kunnugt um það.

Nokkur vötn á rannsóknarsvæðinu hafa verið mæld hvað varðar dýpt og flatarmál (sjá t.d. Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Önnur vötn/tjarnir innan svæðisins eru stærðarmæld (m<sup>2</sup>) út frá loftmyndum. Loftmyndirnar voru teknar 8.08.2011.

Örnefni eru fengin úr skýrslum Orkustofnunar (Sigurjón Rist 1960, Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Vötn/tjarnir sem hafa ekki nöfn en voru athuguð fá raðnúmer og má sjá þau á loftmynd í viðauka II aftast í skjalinu. Í töflu 1 eru nöfn eða númer vatna/tjarna og vatnafuglar ef þeir sást á þeim. Stærð vatna/tjarna, hnit og athugunardagsetningar má finna í viðauka I. Í viðauka III má sjá nokkrar ljósmyndir af vötnum síðast liðið sumar.

Þéttleikinn var kannaður með punkttalningu (sjá t.d. Bibby o.fl 2000, Buckland o.fl. 2001). Í punkttalningu er lagt var út snið með nokkrum punktum, a.m.k. 300 m á milli hvers punkts. Á hverjum punkti voru allir fuglar skráðir sem sást/heyrðust innan fimm mínúta. Mæld var fjarlægð í hvern fugl með fjarlægðarkíkir (Leica LRF 1200 Scan). Í útreikningum er einungis notaðir varpfuglar á svæðinu. Við útreikningar var notað forritið Distance.

Punkttalningar fóru fram bæði 12. júní og 7. júlí 2014. Talið var á tíu punktum á milli Litla-Eyjavatns og Tangavatns þann 12. júní. Þann 7. júlí var talið á 10 punktum við Stóra-Eyjavatn og voru átta lagðir eftir fyrirhuguðu pípuþæði norðan við Stóra-Eyjavatn.

Mófuglar voru einnig skráðir við vötn og á völdum stöðum á milli punkta.

## Niðurstöður

### Vatnafuglar

Í töflu 1 má sjá þá vatnafugla sem sást 12. júní og 7. júlí 2014 á vötnum innan rannsóknarsvæðisins.

Tafla 1. Vötn/tjarnir sem voru athuguð 12. júní og 7. júlí 2014.

Vötn	Lýsing. Athugun 12. júní <sup>1</sup> og 7. júlí <sup>2</sup> .
Stóra-Eyjavatn	Himbrimi (3). Nokkur ís á vatninu meðfram ströndinni. <sup>2</sup>
Litla-Eyjavatn	Hávella, par og ♂. <sup>1</sup>
Hnúksvatn	Himbrimi (1). Vatnið ísilagt 2/8-3/8. <sup>2</sup>
Þverárvötn (nr. 1)	Hávella, par. <sup>2</sup>
Þverárvötn (nr. 2)	Hávella, ♂. Enginn fugl um morguninn en einn seinni partinn. <sup>2</sup>
Þverárvötn (nr. 3)	Enginn fugl sást á vatninu. <sup>2</sup>
4 (214)	Vel grónir bakkar en enginn fugl á vatninu. <sup>2</sup>
5 (217)	Álft, par. Hávella par. Gróinn hólmur í vatninu. <sup>2</sup>
6 (218)	Hávella, par. Tjörn ísilögð að mestu. <sup>2</sup>
7 (219)	Ágætlega grónir bakkar en enginn fugl. <sup>2</sup>
8 (220)	Álft, par. Ágætlega grónir bakkar. Ekkert varp. <sup>2</sup>
9	Tjörn, enginn fugl <sup>2</sup>
10 (221)	Álft, par. Éta fyrir ofan vatnið. Ágætlega gróið fyrir ofan vatnið. <sup>2</sup>
11 (246)	Tjörn, enginn fugl. <sup>2</sup>
12 (245)	Enginn fugl. <sup>2</sup>
13 (244)	Álft, par. Voru við læk sem rennur í vatnið <sup>2</sup>
14	Enginn fugl <sup>2</sup>
15	Hávella, par <sup>2</sup>
16	Hávella ♂. Rót í nesi í vatninu. Gæti orpið þarna lómur. <sup>2</sup>
17	Enginn fugl en gæti verið varp í hólmanum einhver ár. <sup>2</sup>
18	Lómur, par. Stökkönd, par. Mjög varplegur staður fyrir lóm. <sup>2</sup>
19	Enginn fugl. <sup>2</sup>
20	Enginn fugl. Tjörnin ísilögð að hluta. <sup>2</sup>
21	Enginn fugl, ágætlega grónir bakkar. <sup>2</sup>
22	Hávella, par. Straumönd ♂, urtönd ♂. <sup>1</sup>
23	Engin vatnafugl en kjói með hreiður við tjörnina. <sup>1</sup>
24	Lómur á hreiðri, tvö egg. <sup>1</sup>
25	Hávella 4. Gulönd, par við læk á milli þessa vatns og Litla-Eyjavatns. <sup>1</sup>
26	Hávella ♂, straumönd 2 pör. Ágætlega gróið við vatnið og við ána á milli þessa vatns og Litla-Eyjavatns. <sup>1</sup>
27	Hávella, par. <sup>1</sup>
28	Lómur á hreiðri. <sup>1</sup>
29	Vatn við Stóra-Eyjavatn, ísilagt að mestu. Enginn fugl. <sup>2</sup>

Þann 21. ágúst voru þrjár himbrimar á Stóra-Eyjavatni, líklega allt fullorðnir. Einn himbrimi á Litla-Eyjavatni sama dag (Hákon Ásgeirsson munnl. uppl.).

### Eldri athuganir Nave á vötnum

Dynjandiá (ofan brú, nr. 28) og Þverárvötn sjást ágætlega frá vegi og til eru nokkrar athuganir Nave frá árinu 2003 til ársins 2014. Það er ekki búið að vinna úr þessum athugunum nema fyrir árið 2010 en þær upplýsingar birtust í skýrslu sama ár (Böðvar Þórisson 2010).

### Mófuglatalningar

Það er ekki búið að vinna úr mófuglatalningum en hér er stutt yfirlit yfir hvað sást.

Í punkttalningum þann 7. júlí norður af Stóra-Eyjavatni og í svipaðri hæð og vatnið (5-600 m h y.s), sáust einungis snjótittlingar. Þegar komið er í u.þ.b. 2,5 km norður af vatninu og tæpum 100 m neðar í hæð þá sást heiðlóa og þúfutittlingur.

Í svipaðri hæð og Litla-Eyjavatn (354 m h.y.s.) var snjótittlingur, þúfutittlingur og steindepill algengustu fuglarnir. Heiðlóur sáust einnig. Tvö kjóahreiddur fundust, annað neðan við Litla Eyja-vatn og hitt norður af vatninu (sjá töflu 1, vatn 23).

## Umræður

Athuganir 2014 voru tvisvar yfir sumarið en það sást í fyrri athuguninni (12. júní) að talsverður snjór var í 500 m hæð og hærra. Var því farið aftur 7. júlí og lögð áhersla á svæði við Stóra-Eyjavatn og nágrenni sem er í 5-600 m hæð.

Prír himbrimar voru á Stóra-Eyjavatni í júlí og sáust einnig í ágúst. Það var líklega ekkert varp þar í sumar en í júlí var stór hluti strandarinnar við vatnið ísilögð. Það var því líklega ekki góðar aðstæður til varps sumarið 2014 við Stóra-Eyjavatn. Einn himbrimi var við Hnúksvatn í júlí og var enn nokkur ís á vatninu.

Eitt lómshreiddur fannst (vatn nr. 24) og var það upp af Afréttardal. Við eitt vatn (nr. 18) var lómapar sem var líklegt til varps eða hafði reynt varp.

Það hafa ekki verið gerðar neinar skipulegar fuglaathuganir á Stóra-Eyjavatni og vötnum í nágrenninu. Það er því erfitt að segja til um hvort fuglalífið 2014 endurspegli venjulegt árferði eða það hafi verið óvenjulega lítið af fugli vegna t.d. mikilla snjóa á svæðinu langt fram eftir sumri. Það eru vötn á svæðinu sem gætu verið með lóm eða himbrima í varpi einhver ár t.d. Krókavötn og vatn nr. 5, 10 og 13.

Mófuglar voru athugaðir í júlí norður af Stóra-Eyjavatni í 5-600 m hæð. Einungis sáust snjótittlingar í punkttalningunni í þessari hæð og er þéttleiki væntanlega frekar lítill en ekki er búið að reikna hann út.

Þetta er áfangaskýrsla og er ekki búið að vinna úr mófuglaathugunum en einnig eru til stopular athuganir Nave sem þarf að fara í gegnum. Þessar frumniðurstöður benda þó til að svæðið við Stóra-Eyjavatn sé með lítinn þéttleika af mófuglum. Himbrimi gæti orpið við Stóra-Eyjavatn og Hnúksvatn.

## Þakkir

Hafdísi Sturlaugsdóttur, Huldu B. Albertsdóttur og Cristian Gallo er þakkað fyrir þeirra athuganir. Hulda sá einnig um gerð korts.

## Heimildaskrá

Bibby, C.J., Burgess, D.A. Hill og S.H. Mustoe 2000. Bird census techniques. Academic Press, London og New York.

Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham, J.L. Laake, D.L. Borchers og L. Thomas. 2001. Introduction to Distance Sampling – Estimating abundance of biological population. Oxford University Press, Oxford.

Böðvar Þórisson. 2010. Athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-10.

Hafdís Sturlaugsdóttir, Hulda Birna Albertsdóttir og Cristian Gallo. 2014. Gróður á sunnaverðu Glámu: Stóra-Eyjavatn, Tangavatn og nágrenni. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20-14.

Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson. 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá um vötn stærri en 0,1 km<sup>2</sup>. Orkustofnun, OS-89004-VOD-02.

Sigurjón Rist. 1960. Skilagrein 198, Dynjandisvæðið: virkjunarstaða og rennslismælinga. Raforkumálastjóri.

**Viðauki I. Stærðir og hnit vatna sem voru skoðuð**

Vötn eru stærðarmæld út frá loftmyndum nema annað sé tekið fram.

Nafn	Númer	hæð yfir sjó <sup>1</sup> vatns	Hnit (isnet)		Stærð km <sup>2</sup>	Orkustofnun <sup>2</sup>	
			A	N		Meðal dýpt m	Mesta dýpt m
Þverárvötn	1	359	308777	586606	0,009		
Þverárvötn	2	358	308984	586737	0,029		
Þverárvötn	3	358	309313	586921	0,031		
	4	377	309678	586731	0,019		
	5	434	309707	585789	0,052		
	6	438	310152	586040	0,012		
	7	456	310213	585513	0,013		
	8	499	310787	585583	0,016		
	9	500	310943	585730	0,005		
	10	475	311410	585696	0,026		
	11	447	310702	586295	0,007		
	12	437	311148	586265	0,014		
	13	439	311710	586159	0,037		
	14	440	311873	586245	0,012		
	15	439	311519	586433	0,023		
Krókavötn	16	436	311302	586639	0,034		
Krókavötn	17	429	311071	586834	0,064		
	18	471	312287	587816	0,017		
	19	479	312547	588014	0,006		
	20	497	312697	587817	0,002		
	21	522	312865	588657	0,012		
	22	438	312350	589595	0,021		
	23	416	311644	589755	0,003		
	24	379	311105	589430	0,009		
	25	372	311189	588153	0,030		
	26	373	311552	587769	0,019		
	27	339	310238	588596	0,013		
	28	313	309251	588128	0,038		
	29	574	313465	586124	0,057		
Hnúksvatn		535	311710	584911	0,253	0,27	7,8 24
Litla-Eyjavatn		350	310395	587637	0,291	0,36	2,8 20,2
Stóra-Eyjavatn		562	313612	585355	1,577	1,66	13,7 43

<sup>1</sup>Hæð er tekin á gps tæki og gæti því munað jafnvel tugum metrum á tækinu og rétttri hæð.

<sup>2</sup>Hákon o.fl. 1989.


Fuglalíf við Stóra-Eyjavatn  
og nágrenni 2014

Kort 1. Fuglaathuganir á  
vötnum á vestanverðri Glámu




Mælikvarði: 1:30 000



Loftmyndir í eigu: 

Kortagerð:  
Hulda Birna Albertsóttir





### Viðauki III. Myndir af vötnum



Mynd 1. Vatn nr. 5 þann 7. júlí 2014. Hólmi í vatninu.



Mynd 2. Vatn 24 þann 12. júní 2014. Lómur á hreiðri.



Mynd 3. Hnúksvatn 7. júlí 2014.



Mynd 4. Stóra-Eyjavatn 7. júlí 2014.



Mynd 5. Krókavötn (nr. 16) þann 7. júlí 2014.



Mynd 6. Krókavötn (nr. 17) þann 7. júlí 2014. Hólmi í vatninu.

